

um frv. til laga um vaxtalækkun o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

- Undirritaðir mæla með því, að frumvarp þetta verði samþykkt. Efni þess er:
1. Lækkun útlánsvaxta, svo að þeir verði ekki hærrí en þeir voru um áramótin 1959—1960.
 2. Bundnar innstæður innlánsstofnana hjá Seðlabankanum verði ekki auknar frá því, sem þær verða við gildistöku laganna.

Mál þetta hefur legið fyrir Alþingi síðustu árin, en jafnan mætt andstöðu stuðningsflokka ríkisstjórnarinnar. Á síðasta þingi var frumvarp framsóknarmanna um vaxtalækkun o. fl. óútrætt í þinglokin. Í því frumvarpi voru m. a. ákvæði um lækkun vaxta af lánum til íbúðarhúsabygginga. Fulltrúar stjórnarflokkanna í fjárhagsnefnd neðri deildar skiluðu álit um frumvarpið 2. maí síðastl. og lögðu til, að það yrði fellt. Einum mánuði síðar gerði þó ríkisstjórnin samning um mikla vaxtalækkun á lánum frá byggingarsjóði húsnæðismálastofnunarinnar. Þá loks fengust valdhafarnir til að viðurkenna, að húsnæðiskostnaðurinn væri orðinn óviðráðanlegur fyrir mikinn fjölda manna vegna gífurlegrar hækkunar á byggingarkostnaði og óhóflega hárra vaxta.

Fyrirheit ríkisstjórnarinnar um lækkun vaxta af byggingarlánum húsnæðismálastofnunarinnar er aðeins fyrsta skrefið til leiðréttingar á vöxtunum. Enn eru vextir af öðrum stofnlánum og rekstrarlánum óhæfilega háir. Til skýringar á því máli er hér gerður samanburður á núgildandi vöxtum við þá, sem greiddir voru fyrir daga núverandi ríkisstjórnar.

| | Vextir nú | Vextir 1959 |
|--|-----------|-------------|
| Af lánum til íbúðarhúsabygginga í sveitum | 6% | 3½% |
| Af lánum til ræktunar og útihúsabygginga í sveitum | 6½— | 4— |
| Af fasteignaveðslánum frá fiskveiðasjóði | 8— | 5½— |
| Af skipakaupalánum frá fiskveiðasjóði | 6½— | 4— |
| Af afurðalánum | 7¼— | 5—5½— |

Með flutningi frv., sem hér liggur fyrir, er stefnt að því, að vextir af framanefndum lánum og útlánsvextir yfirleitt verði færðir í hið fyrra horf.

Öllum má vera ljóst, að sú mikla hækkun útlánsvaxta, sem núverandi ríkisstjórn og stuðningsflokkar hennar hafa komið á, hefur átt mikinn þátt í vexti dýrtíðarinnar og valdið miklum erfiðleikum fyrir fjölda einstaklinga og atvinnufyrirtækja. Vaxtahækkunin hefur orðið þungbær fyrir sjávarútveg og landbúnað og gert mörgum innlendum iðnaðarfyrirtækjum mjög örðugt að keppa við fyrirtæki annarra landa, sem búa við langtum hagstæðari lánakjör. Og með háu vöxtunum hafa á síðustu árum verið lagðar þungar klyfjar á unga fólkið, sem hefur verið að stofna heimili og hefja atvinnurekstur.

Þegar vaxtahækkunin mikla var ákveðin, snemma árs 1960, var því haldið fram, að hækkun inn- og útlánsvaxta væri gerð til þess að koma á jafnvægi í peningamálum innanlands. Þetta jafnvægi hefur ekki náðst, þrátt fyrir háu vextina. Eftirspurn eftir lánsfé er nú langtum meiri en framboðið. Þá var því einnig haldið fram, að hækkun innlánsvaxta yrði til þess að bæta hag sparifjäreigenda. En sú gífurlega dýrtíðaraukning, sem efnahagsmálastefna núverandi ríkisstjórnar hefur haft í för með sér, hefur komið ákaflega illa við sparifjäreigendur. Á þeim tæpum 5 árum, sem liðin eru, síðan vaxtahækkunin kom til framkvæmda, hefur ekki aðeins vaxtahækkunin, sem þeir fengu, heldur allir vextirnir af sparifénu og ríflegur hluti af höfuðstólnum að auki horfið í dýrtíðarhítina. Reynslan hefur þannig sannað, að hagsmunum sparifjäreigenda verður ekki borgið með háum vöxtum, þegar verðgildisrýrnun peninganna er svo stórkostleg sem hún hefur orðið síðustu árin.

Annað aðalatriði frv. er ákvæði þess um, að bundnar innstæður innlánsstofnana hjá Seðlabankanum skuli ekki hækka. Samkvæmt síðustu hagskýrslum er frysta féð hjá Seðlabankanum nú orðið nálægt 1000 millj. kr. Er vissulega mál að linni slíku fjárkröfum á hendur innlánsstofnunum um land allt, þar sem skortur á lánsfé stendur í vegi fyrir nauðsynlegum framkvæmdum og atvinnurekstri. M. a. skortir víða lánsfé til að koma á nýjungum í rekstri atvinnufyrirtækja og auka framleiðslu þeirra. Útlán sparifjárins hafa ekki verðbólguhættu í för með sér.

Eins og áður segir, er það tillaga minni hluta fjárhagsnefndar, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 10. nóv. 1964.

Skúli Guðmundsson, Einar Ágústsson, Lúðvík Jósefsson,
frsm.